



Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ

Reykjavík, 7. febrúar 2025.

Efni: Umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar vegna tillögu um áminningar og leikbann (Þingskjal 9).

Varðandi þá breytingartillögu sem liggur fyrir varðandi grein 13.1.1 hefur verið óskað eftir að fjárhags- og endurskoðunarnefnd gefi sína umsögn á framlagðri tillögu. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd mun ekki leggja fram efnislega umsögn heldur frekar að þeim fjárhagslegu þáttum er snúa að umræddri tillögu. Það liggur fyrir að árið 2025 er síðasta árið sem núverandi mótakerfi verður í notkun.

Á árinu 2026 mun nýtt mótakerfi COMET verða tekið í notkun og er undirbúningur þess þegar hafin hjá sambandinu. Núverandi mótakerfi er ekki nægjanlega aðlögunarhæft að breytingum og hafa breytingar hingað til verið kostnaðarsamar. Það liggur því fyrir að til að geta innleitt þær breytingar sem fyrirbyggjandi tillaga ber með sér, myndi það útheimta verulegan kostnað fyrir sambandið. Sú vinna myndi því ekki nýtast í framhaldinu þar sem nýtt mótakerfi mun verða tekið í notkun á árinu 2026. Út frá ofangreindum forsendum getur fjárhags- og endurskoðunarnefnd ekki mælt með umræddri tillögu á þessum tímapunkti.

Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ